

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Kvosin, Landsímareitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. janúar 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Landsímareits. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til að setja flóttastiga í ljósgarð milli Thorvaldsenstrætis 2 og 4-6 út fyrir byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Klausturstígur 1-11 og Kapellustígur 1-13.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. janúar 2019, breytingu á deiliskipulagi námsmannagarða við Klausturstíg 1-11 og Kapellustíg 1-13. Í breytingunni felst að íbúðum er fjöldað um fjórar, bílastæðum er fjöldað um þrjú, byggingarreitum er hnikað til og þeir stækkaðir og hámarksgrunnflötur stigahúss er stækkaður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Rafstöðvarvegur 25.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Rafstöðvarveg vegna lóðarinnar nr. 25 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinna, gerð er viðbygging við íbúðarhús auk gufubaðs með skiptiaðstöðu inn á lóðinni og niðurrif á núverandi bílgeymslu ásamt endurbyggingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. febrúar 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2019